



FIMMTUDAGUR 28. DESEMBER 2017

Tíska



Áramótaförðunin ein-kennist af glimmeri, gljáandi augnskuggum og fallegum varalitum, að sögn Þórunnar Maríu Gizurardóttur. Hún farðaði Önnu Láru Orłowska með nýjustu tískulitunum. ➔4

Búningahönnuður og burlesque-dansari



María Kristín Steinsón, myndlistarkona og burlesque-dansari, leggur mikla vinnu, hugvit og sköpun í búningasam. Hún hefur saumað fót frá barnsaldri enda ólst hún upp við saumavélina að eigin sögn.

María gerir ekki aðeins búninga heldur einnig ýmsa fylgihluti eins og þessa stórkostlega fallegu fjaðravengi. MYND/ERNIR



ÁRAMÓTAGLEÐI
Í COMMA

Fallegt, fágæð og töff

comma,
SMÁRALIND

Brynhildur
Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Áður saumaði ég fötin mín oft á tíðum, kjóla og alls konar, en ekki í dag, núna sauma ég bara burlesque-búninga," segir María sem sat einmitt við saumavélina þegar blaðamaður náði tali af henni, við saum á búningi fyrir burlesque-sýningu kvöldsins. Hún viðurkennir að saumaskapurinn hafi aldrei verið langt undan. „Ég hef alltaf verið eitthvað að sauma. Mamma mín var saumakona og ég ólst upp við saumavélina og lærði af henni. Svo hef ég verið að fikra mig áfram sjálf. Ég hef aldrei lært neitt sérstaklega, læri mest með því að prófa mig áfram.“

María lagði stund á magadans fyrir nokkrum árum og saumaði þá flesta búningana sína sjálf. „Ég fór að sauma magadansbúningana bæði af því að þeir eru dýrir og svo hef ég alltaf haft mikla þörf fyrir að búa til mitt eigið frá grunni. Ég vildi hafa ákveðið útlit á búningunum og bjó það bara til sjálf.“

María segist hafa verið við-löðandi burlesque í mörg ár. „En ég fór ekki að koma fram sóló fyrir en með hópnum mínum Dömur og herra í byrjun þessa árs. Þá fann ég aftur fyrir þörf til að gera búninga og tók fram saumavélina að nýju.“ Og María hefur haft í nægu að snúast. Hún hefur komið fram á sýningum Reykjavík Kabarett og með kanadisku divunni Diamond Minx auk sýninga með Dömunum og herra.

En hvað skyldi þurfa að hafa í huga við hönnun og gerð búninga fyrir burlesque-atriði? „Það þarf að vera auðvelt að komast úr þeim,“



Burlesque-stjarnan Maria Callista fer á sviðið fyrir Maríu Kristínu. Hægt er að fylgjast með Maríu Callistu á Facebook þar sem hún á sína eigin síðu.



Bláu húsunum Faxafeni • S: 5537355 • www.selena.is



Smart föt, fyrir smart konur

Netverslun á tiskuhús.is

My
Style
tiskuhús

Stærðir 38-52

mystyle

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

segir María og hlær en bætir svo við: „Þó búningarnir séu kannski ekki mjög stórir og efnismiklir þá getur þetta verið rándýrt, bæði að kaupa efnið og búa til búningana en ég reyni að gera þetta eins ódýrt og ég get. Þeir þurfa að vera flottir uppi á sviði, glammur, glimmer, gervisteinar, palliættur og svo framvegis. Og svo svo þarf að setja rennilása, borða, franska rennilása og hitt og þetta smáskraut. Ég kaup efni í verslunum eins og Virku og Twill og svo ef ég finn eitthvað í búðum sem hentar þá breyti ég því í búning.“

Hún segir mjög misjafnt hvort komi á undan, búningurinn eða atriðið. „Ég hef stundum verið kominn með búninginn langt á undan atriðinu og stundum er það öfugt.“

Þegar upp á svið er komið er það ekki María sjálf sem fer á svið heldur persónan María Callista. „Hún var einu sinni magadansmætur eins og ég en nú er hún burlesque-listamaður. Hún getur verið aggressív, og getur sýnt mörg andlit, er bæði mjög ljúf, faguð og klassísk en á til að vera óþekkt og frek og launfyndin. Það er mjög gott að geta farið í karakter í þessu listformi og það gera langflestir. Það er mjög gott að geta haft sig fyrir sig og sent persónuna upp á svið.“

Burlesque hefur verið skilgreint sem fullorðinsskemmtun, þar sem alls kyns hæfileikum er blandað við kynþokka og stundum stripp. Eins og áður sagði er þriðja sýning burlesque-hópsins Dömur og herra á Gauknum í kvöld og hefst stund-



María Callista mun skína skært í þessum glitrandi búningi á Gauknum annað kvöld.



Þennan búning saumaði María frá grunni fyrir síðustu sýningu hópsins.

vislega klukkan níu. „Þetta verður svona jóla- og áramótasýning sem mun taka snúning á ýmsum jólahöfðum. Við fáum gesti, meðal annars íslenska boylesque-stjörnu frá Stokkhólmi, Saint Edgard, og svo ætlar kennarinn okkar ástsæli, Miss

Mokki, að vera með okkur líka. Og svo verður hópurinn auðvitað með fullt af atriðum sem bæta, hressa og kæta.“ Miða á sýninguna má nálgast á tix.is og allar nánari upplýsingar eru á Facebook-viðburðinum Burlesquejól.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357



ANTONÍA barna peysa
~~verð : 11.990~~
 nú : 5.395



EBBA barna kjóll
~~verð : 9.990~~
 nú : 5.222



BENSI barna húfa
~~verð : 4.990~~
 nú : 990



FREYJA/FREYR primaloft jakki
~~verð : 39.990~~
 nú : 14.995



ÖGN/AGNAR dún jakki
~~verð : 49.990~~
 nú : 22.493



STEINN 3ja laga skel buxur
~~verð : 48.990~~
 nú : 18.745



RISA
LAGERSALA
40-90%

AF ÖLLUM VÖRUM
28. - 30. DES

CINTAMANI
OUTLET

AUSTURHRAUN 3, GARÐABÆ

OPNUNARTÍMAR :

MÁNUDAGUR - FÖSTUDAGUR 10 - 18

LAUGARDAGUR 10 - 16

Glimmer og gljáandi litir


Áramótaförförðunin einkennist af glimmeri, gljáandi augnskuggum og fallegum varalitum, að sögn Þórunnar Maríu Gizurardóttur. Hún farðaði Önnu Láru Orłowska með nýjstu tískulitunum.

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



S mekkur fólks á förförðun er auðvitað mjög fjölbreyttur en um áramót er glimmer, glans og glamúr alltaf áberandi. Mér finnst rauður varalitur bæði fallegur og sigildur. Sjálf er ég mikið fyrir fjólubrúna varaliti eða liti í þeim dúr. Þeir fara flestum vel og draga fram bros og svipbrigði. Augnskuggar í jarðtónum, t.d. brúnir og vínrauðir, koma vel út í skyggingu í ytri augnkrók," segir Þórunn María Gizurardóttir förförðunarfræðingur um áramótaförförðunina 2017.

Þórunn María hafði lengi haft áhuga á förförðun og fíkraði sig áfram



„Ég er mikið fyrir fjólubrúna varaliti eða liti í þeim dúr. Þeir fara flestum vel og draga fram bros og svipbrigði. Augnskuggar í jarðtónum, t.d. brúnir og vínrauðir, koma vel út í skyggingu í ytri augnkrók.“ MYND/EYÞÓR

Gledilegt ár!

ROSINA kjóll
7.995
til grænn og blár

KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA


Nýjar vörur streyma inn
Vor 2018

Stærðir 38-58

Verislinn Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Þórunn farðaði Önnu Láru Orłowska, Miss World Iceland 2016. Glimmer og jarðlitir eru áberandi. MYND/EYÞÓR

í listinni með því að fylgjast með förförðun á samfélagsmiðlum og á YouTube. „Ég ákvað svo að skrá mig á námskeið í Reykjavík Makeup School í janúar í fyrra og útskrifaðist þaðan í júlí sama ár, með diplóma í förförðunarfræði. Þetta var frábær tími og ég eignaðist margar góðar vinkonur í náminu. Ég hef fengið fullt af flottum tækifærum eftir útskrift, ég farðaði t.d. keppendur í Ungfrú Ísland bæði 2016 og 2017 og það var mjög skemmtileg reynsla,“ segir hún.

Byrja á augnsvæðinu

Margar konur fara í förförðun fyrir áramótagleðina en flestar mála sig sjálfar. Spurð um ráð varðandi förförðun segist Þórunn María mæla með því að byrja að mála sig í kringum augun. „Sérstaklega ef þú ætlar að nota augnskugga því þeir eiga til að dreifast á húðina undir augunum þegar þeim er blandað út með bursta. Mín rúttína varðandi förförðun er þannig að ég byrja á að setja á mig gott rakakrem og farðagrúnn. Síðan móta ég augabrúnirnar og set á mig augnskugga. Ég dusta burt augnskuggann sem dreifist undir augun áður en ég ber farða á húðina. Síðan set ég gerviaughárin á og enda á vörunum.“

Tiskan á samfélagsmiðlum

Þórunn María fylgist vel með nýjstu tisku í förförðun, ekki sist á

samfélagsmiðlum. „Flestir af virtustu förförðunarfræðingunum eru bæði með Instagram og Snapchat og leyfa fólki að fylgjast með sér á þeim miðlum. Síðan finnst mér gaman að kíkja í tiskublöð af og til og fæ gjarnan hugmyndir þaðan. Ég og Sara, annar eigandi Reykjavík Makeup School, sáum einmitt um förförðun og hár fyrir tímaritið Nýtt Líf á seinasta ári en ég fékk mikinn innblástur þaðan til dæmis um „fashion“ förförðun.“

Hægt er að fylgjast með Þórunni Maríu á Instagram undir nafninu thorunnmariaua.



Þórunn María segir farða og flottan kinnalit ómissandi fyrir áramótaförförðunina.



Rauður varalitur er í upphaldi hjá Þórunni Maríu.



Glimmerkinnalit setur svip á förförðunina.



clarisonic[®]
MiaFIT

FÉKKSTU EKKI CLARISONIC Í JÓLAGJÖF

ÞÚ FÆRÐ ÞAÐ Í HAGKAUP KRINGLU, SMÁRALIND,
SKEIFU, GARÐABÆ OG AKUREYRI

Clarisonic tækið hjálpar þér að viðhalda fallegri og heilbrigðari húð. Sonic-sveiflutækni tryggir milda og örugga húðhreinsun fyrir allar húðgerðir og hreinsar sex sinnum betur en með höndum eingöngu. Clarisonic fjarlægir fitu og óhreinindi sem eru föst í fínum línunum og húðholum. Húðin verður mýkri og móttækilegri fyrir virkum efnum úr húðsnyrtivörum. Húðholur verða minna sjáanlegar og húðin frískleg og ljómandi.

25% AFSLÁTTUR 28. DESEMBER TIL 1. JANÚAR



CLARISONIC SMART PROFILE

Smart profile er lúxustækið frá Clarisonic sem hentar fyrir andlit, líkama og fætur með mismunandi burstahausum. Með tækinu fæst 11 x betri hreinsun en með höndum eingöngu og 30 sinnum betri hreinsun á mengun eins og svífryki.

NÝTT eingöngu fyrir Smart profile tækin:

Firming Facial massage head nuddbursti fyrir andlit, háls og bringu sem nuddar húðina á mildan máta og vinnur gegn línunum og hrukkum.

Loksins fáanlegur á Íslandi Sonic Foundation brush.

Einföld og þægileg ásetning farða, hyljara, BB krema primera og kremkinnalita. Bursti sem fullkomnar förðunina.

NÝTT
Nýr bursti á öll Clarisonic tæki:




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Krumpurnar flækjast ekki í hárinu.

Krumpuð teygja kemur aftur

Tískan fer í hringi og árið 2018 geta síðhærðir fagnað gömlum kunningja sem hefur verið útlægur lengi. Það er eiginlega ekki til almennilegt íslenskt orð yfir „scrunchie“ teygjurnar sem héldu öllu síðu hári í skefjum í lok niunda áratugarins og byrjun þess tíunda, einna helst að krumpu-teygja hafi náð yfir fyrirbærið. En nú er kominn tími til að finna orðið því þær eiga glæsilega endurkomu til hárrúðra á nýju ári. Við stingum upp á skreygja eða krumpa en lýsum eftir góðu orði yfir þetta þarfa fyrirbæri. Einn helsti kostur skreygjanna var að hárið flæktist ekki í þeim og það er nokkuð sem hársárir kunna vel að meta. Eitt er víst: við eigum eftir að sjá margar krumpur á nýja árinu.

Margir vilja ekki að dýr séu drepin fyrir skinnið af þeim.
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Seldu ekta feld sem gervifeld

Verslanirnar TK Maxx, Boohoo og Amazon hafa orðið uppvisar að því að selja ekta feld sem gervifeld. Þetta kom fram í rannsókn Sky News, en fyrirtækin skella skuldinni á birgja sína.

Sky News rannsakaði málið í átta mánuði. Fréttastofan komst að því að ódýrir eymalokkar frá Boohoo innihéldu minkafeld, en þeir voru sagðir innihalda gervifeld. Boohoo var líka sakað um að nota kanínuskinn í tvö þör af brúðarskóm, en fyrirtækið segist ekki nota neinn feld.

Boohoo hætti sölu á vörum og segir að birgjar hafi brugðist trausti þeirra og málið sé til rannsóknar.

TK Maxx, fyrirtæki sem segist ekki hafa selt alvöru feld síðan 2003, reyndist hafa selt kápur og lyklakippur með ekta feldi og Amazon og Groupon reyndust sek um það sama.

Amazon segir að sölumenn sem selja á síðunni hafi brotið reglur og verði refsað. Fyrirtækið stöðvaði líka sölu á vörum.

Bæði stjórnálamenn og góðgerðarsamtök vilja nú banna innflutning á feldi og skinnum til Bretlands. Claire Bass, framkvæmdastjóri Humane Society International, góðgerðarsamtakanna sem unnu að rannsókninni með Sky News, sagði að Brexit veitti tækifæri til að loka landmærum Bretlands fyrir grimmi-legri, ónauðsynlegri og úreltri verslun með skinn.

Fröken Frímann heldur stríðinu áfram

Sænska sjónvarpið sýnir um jólin fjórðu og síðustu þáttaröðina um stríðið hjá fröken Frímann. Þættirnir hafa verið mjög vinsælir en þeir hafa einnig verið sýndir hér á landi.


Fröken Frímann berst fyrir kvenréttindum og tekur virkan þátt í kvennabaráttu upp úr árinu 1900. Eftir því sem Aftonbladet skrifar horfa um 1,5 milljónir manna á hvern þátt. Ein af leikkonum þáttanna, Sofia Ledarp, telur þá vera gott innlegg í #metoo

umræðuna í Svíþjóð og öðrum löndum. Þeir sýni hvernig kvennabaráttan hófst og fólk á auðveldara með að skilja hvað það er sem konur eru enn að berjast fyrir.

Lokaserían gerist árið 1908 og það eru erfiðir tímar á vinnumarkaði, verkföll eru yfirvofandi en konur mega ekki taka þátt í þeim. Þær þurfa að sætta sig við mun lægri laun en karlar og mega ekki vera í stéttarfélagum. Aðalleikkona þáttanna er Sissela Kyle sem fer með hlutverk Dagmarar Frímann.



Fjórða og síðasta þáttaröðin um fröken Frímann er jólaefni sænska sjónvarpsins.



LÉTTTSALTAÐIR ÞORSKHNAKKAR

2.290 KR/KG

HUMAR

HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR
Stærð 30/40	Stærð 24/30	Stærð 18/24	Stærð 15/18	Stærð 12/15	Stærð 9/12	Stærð 7/9
3.600 KR/KG	4.900 KR/KG	5.900 KR/KG	6.900 KR/KG	7.900 KR/KG	8.900 KR/KG	9.900 KR/KG

HUMARSÚPA FISKIKÓNGSINS

SKELFLETTUR HUMAR



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755

OPIÐ

28. DESEMBER 8-18.30
29. DESEMBER 8-18.30
30. DESEMBER 9-18.30
31. DESEMBER 9-13.00



Við óskum þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Ásdís Ósk



Auðun



Sigurður



Bergros



Sveinbjörn



Magni



Hulda

Hlíðasmári 2 - 201 Kópavogur - S:519-2600

Húsaskjól fasteignasala - www.husaskjol.is - Husaskjol@husaskjol.is



Norðurbakki 19a 220 Hafnarfjörður

Íbúð 114,9fm 1 2

Verð: 58.500.000 2 bílastæði í bílakjallara

Bergros sölumaður S:894-1976




Framnesvegur 17 101 Reykjavík

Íbúð 91,3fm 1 3

Verð: 44.500.000 Frábær staðsetning!

Ásdís Ósk fasteignasali S:863-0402




Stakkholt 2b 105 Reykjavík

Fjölbýli 149,9fm 1 3

Verð: 85.000.000 Frábært útsýni!

Ásdís Ósk fasteignasali S:863-0402



Engihjalli 7 200 Kópavogur

Fjölbýli 86,9fm 1 2

Verð: 34.900.000 Flott staðsetning!

Ásdís Ósk fasteignasali S:863-0402



Álftahólar 2 111 Reykjavík

Fjölbýli 143,3 fm 1 3

Verð: 42.900.000 Bílskúr fylgir eign!

Ásdís Ósk fasteignasali S:863-0402



Hrísrími 7 112 Reykjavík

Fjölbýli 95,9fm 1 3

Verð: 41.700.000 Stæði fylgir í bílageymslu

Ásdís Ósk fasteignasali S:863-0402

Opið hús 28. des kl 18:00-18:30



Dvergaborgir 5 112 Reykjavík

Fjölbýli 106,7fm 2 3

Verð: 43.900.000 Íbúð á tveimur hæðum

Ásdís Ósk fasteignasali S:863-0402

Opið hús 28. des. kl 17:00-17:30



Fellsmúli 2 108 Reykjavík

Fjölbýli 93,9fm 1 2

Verð: 35.000.000 Góð staðsetning

Ásdís Ósk fasteignasali S:863-0402

Opið hús 28. des. kl 19:30-20:00



Safamýri 38 108 Reykjavík

Fjölbýli 116,6 fm 1 3

Verð: 42.500.000 LAUS STRAX!

Sigurður fasteignasali S:899-1987

Hjá Húsaskjólí færðu vandað söluférli sem skilar árangri!



Æsufell 2 seldist á 1.degi!



Galtalind 1 seldist á 1.degi!



Rauðalækur 41 seldist á 1.degi!



Álfhólsvegur 89 seldist á 1.degi!

Viltu vita meira, hafðu samband við Ásdís Ósk í síma: 863-0402 eða í email: asdis@husaskjol.is

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílabankinn.is



VW Caddy. Árgærd 2011, ekinn 136 þ.KM, metan, 5 girar. Verð 650.000. + VSK Rnr.261663 Hafid samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is



FORD Transit connect sjálfskiptur. Árgærd 2015, ekinn 67 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. Verð 1.990.000 + VSK Rnr.157172 Hafid samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is

Bílabankinn
Eirihöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opíð virka daga 12-18 og laugard. 12-15
www.bilabankinn.is

Bílar til sölu



BESTA VERÐIÐ !!!
AUDI Q7 3.0 DIESEL árg. 2013 ek. 87 þkm, 7 manna, Leður, Krókur ofl, 1 eigandi, 100% Þjónusta, sumardekk fylgja, tilboðsverð 5990 þús, gsm 893-9500



TILBOÐ SJÁLFSKIPTUR DIESEL
Renault Capture Dynamic Diesel árg. 2016 ek 36 þkm, Sjálfskiptur, 17" álfelgur, nýleg sumar og vetradekk, vel útbúin, tilboðsverð 2390 þús, 8939500

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

Fjór hjól



Polaris 500 árg 2010 til sölu. Einn eigandi og ekið aðeins 45 klukkutíma. Staðgreiðlu verð 990 þús. Uppl. í s. 892 5064

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir piparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

PIPULAGNIR

Tek að mér pípulagningavinnu S:6596729

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.


Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Alhliða málningarþjónusta löggilttra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



Önnur þjónusta



Borgarafi ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

Keypt & Selt

Til sölu



Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Þöntunarsími: 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésen.

Tilkynningar



Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðs 2013-2030 Rósaselstorg, Garðvangur og hindrunarfletir

Bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðs 2013-2030 í samræmi við 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin snýr að því að gerð er tillaga að breyttri landnotkun við Rósaselstorg þar sem svæði fyrir athafnastarfsemi er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu, ásamt því að dregið er úr byggingarmagni við Rósaselstorg. Landnotkun við Garðvang, þar sem áður var hjúkrunarheimili, er breytt úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð, í þeim tilgangi að finna svæðinu ný not. Þá er gerð breyting á takmörkunum hindrunarfata Keflavíkurflugvallar í samræmi við Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.svgardur.is, frá og með 28. desember. Skipulagstillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofum, Sunnubraut 4, 250 Garður og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b Reykjavík. Ábendingar og athugasemdir við aðalskipulagstillögu skal senda til skipulagsfulltrúa á netfangið jonben@svgardur.is. Einnig er hægt að senda athugasemdir merktar „Breyting á Aðalskipulagi Garðs“ á Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4, 250 Garður.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til föstudagsins 9. febrúar 2018. Bæjarstjórn vonast til þess að sem flestir kynni sér þá breytingu á landnotkun sem tillagan markar stefnu um.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri

STAKFELL | 535-1000
FASTEIGNASALA | 1984
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

NÝTT 24 ÍBÚÐA GISTIHEIMILI TIL SÖLU

Nýtt gistiheimili með 24 litlum íbúðum til sölu. Er til afhendingar fljótlega fullbúið án húsgagna og lausra innréttinga. Mjög stór malbikuð lóð með fjölda bílastæða.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:

ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Frámkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjðu á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og [nuddstofan smart](https://facebook.com/nuddstofan-smart)

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á [Facebook.com/snyrti](https://facebook.com/snyrti) og [nuddstofan smart](https://facebook.com/nuddstofan-smart)

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

Íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is